



Bæjarstjórn Kópavogs
Lista- og menningarráð Kópavogsbæjar
Digranesvegi 1
200 Kópavogur

Reykjavík 21. apríl 2023
Tilvísun: 230421Kóp

Efni: Vegna skýrslu KPMG um endurskoðun á starfsemi menningarhúsa í Kópavogi

Í Morgunblaðinu þann 1. apríl síðastliðinn birtist frétt um fyrirhugaðan sparnað í rekstri menningarhúsa í Kópavogi og að ráðgjafafyrirtækið KPMG hafi gert úttekt á rekstrinum. Í fundargerð bæjarráðs Kópavogs dags. 30. mars 2023 má finna skýrslu KPMG, undir lið 1. 23031728 - Menningarmál Kópavogsbæjar - skýrsla KPMG ¹.

Í ljósi þess vill safnaráð áréttta nokkur atriði, en safnaráð er stjórnarsýslunefnd sem starfar eftir safnalögum nr. 141/2011 ² og er hlutverk þess m.a. að hafa eftirlit með safnastarfsemi í landinu og hafa umsjón með safnasjóði.

Tvö af þeim söfnum sem rædd eru í skýrslunni, Náttúrufræðistofa Kópavogs og Gerðarsafn – Listasafn Kópavogs, eru viðurkennd söfn samkvæmt safnalögum og starfa eftir stofnskrám sem safnaráð hefur samþykkt. Viðurkennd söfn þurfa að uppfylla kröfur sem gerðar eru til viðurkenndra safna og starfa eftir skilmálum sem tilteknir eru í reglugerð um viðurkenningu safna nr. 900/2013 ³ og lúta eftirliti safnaráðs auk þess að söfn þurfa að starfa eftir siðareglum ICOM.

Í 3. gr., 1.- 3. m.gr. safnalaga er tiltekið hlutverk safna, en þau eru „*varanlegar stofnanir sem starfa í þágu almennings og eru ekki rekin í hagnaðarskyni. Þau skulu vera opin almenningi. Með söfnun, skráningu, varðveislu, rannsóknum, sýningum og annarri miðlun er það hlutverk safna að tryggja menningar- og náttúruarf Íslands, varpa ljósi á menningar-, náttúru- og listasögu landsins, styrkja safnkost og heimildasöfnun innan síns sérsviðs og gera safnkost sinn og heimildasöfn aðgengileg almenningi og fræðimönnum. Í starfi sínu skulu söfn hafa að leiðarljósi að auka lífsgæði manna með því að efla skilning á þróun og stöðu menningar, lista, náttúru eða vísinda.*“

Augljóst er að starf viðurkennds safns er umfangsmeira en miðlunarstarfið (sem er m.a. sýningar safnsins), en viðurkennt safn þarf, auk miðlunarstarfsins, að safna, skrá, varðveita og rannsaka til að teljast viðurkennt safn. Í stofnskrá eða samþykktum viðurkennds safns eru ákvæði um niðurlögn safnsins í samræmi við 12. gr. safnalaga. Hafi viðurkennt safn notið opinberra styrkja skv. 11. eða 22. gr. skal safnkosti þess ráðstafað í samræmi við fyrirmæli stofnskrár eða samþykktu og í samráði við viðkomandi höfuðsafn. Öðrum eignum skal ráðstafað að höfðu samráði við ráðuneyti.

Tillögur í skýrslu KPMG sem snerta þessi tvö viðurkenndu söfn, miðast mjög að breytingum á starfsemi Náttúrufræðistofu Kópavogs, m.a. sú hugmynd að „*aðskilja menningarstarfsemi (safnkost) og samkeppnisrekstur (rannsóknir)*“ (sjá bls. 5 í skýrslu). Ljóst er á lestri skýrslunnar, að þekkingu skýrsluskrifara á starfi viðurkenndra safna er ábótavant og misskilningur má finna víða. Talað er um óljósan ávinning Kópavogsbæjar af rekstri rannsóknarstarfs á bls. 32, en rannsóknir eru snar þáttur af starfsemi viðurkenndra safna og hefur Náttúrufræðistofan verið framarlega í rannsóknastarfi viðurkenndra safna og ekki

¹ Sjá fundargerð bæjarráðs dags. 30. mars 2023, liður 1. 23031728 - Menningarmál Kópavogsbæjar - skýrsla KPMG. Beinn tengill á skýrsluna: https://thjonustugatt.kopavogur.is/meetingsearch/displaydocument.aspx?itemid=QJ0Mdd4kgEezl2pZhx9Rw1&meetingid=17YTLa7_bEqQx5Mv8rp4Q1&filename=K%C3%B3pavogsb%C3%A6r-menningarmal_27.03.23.pdf&cc=Document

² Safnalög á vef Alþingis: <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2011141.html>

³ Sjá af vef safnaráðs: <https://safnarad.is/vidurkennd-sofn/skiilyrdir-vidurkenningar/reglugerd-um-vidurkenningu-safna-nr-9002013/>



hægt að aðskilja rannsóknastarfið frá öðru safnastarfi. Talað er um að rannsóknir Náttúrufræðistofu séu samkeppnisrekstur, en safnaráð getur ekki tekið undir það.

Rannsóknir Náttúrufræðistofunnar snúast annars vegar umgrundvallareiningar í safneigninni sem varða einkum miðlun með sýningahaldi og svo rannsóknir á sviði vatnavistfræði. Eru það sér í lagi þjónustuverkefni fyrir ríki, sveitarfélög og opinber fyrirtæki sem eru rannsóknir á sérhæfðu sviði sem ekki eru stundaðar á almennum markaði. Tekjur Náttúrufræðistofunnar af síðarnefndu rannsóknunum eru ekki þess eðlis að þær beri uppi starfsemi, enda er starfsemi Náttúrufræðistofunnar ekki rekin í hagnaðarskyni.

Ef þær ýtrustu tillögur ná fram að ganga sem nefndar eru í skýrslunni, „Úthýsa eða leggja niður rekstur að hluta eða öllu leyti“ (bls.31), þá er ljóst að viðurkenning Náttúrufræðistofu Kópavogs er í hættu og horfa þarf til niðurlagsákvæðis í 8. gr. stofnskrár safnsins „*Komi til þess að Náttúrufræðistofa Kópavogs verði lögð niður skal safnkosturinn renna til sambærilegrar stofnunar í samráði við Náttúrufræðistofnun Íslands og Náttúruminjasafn Íslands. Öðrum eignum skal ráðstafað í samráði við ráðuneyti mennta- og menningarmála*“.⁴

Hvað varðar tillögur um Gerðarsafn, þá vill safnaráð benda á ógerlegt er að hafa sjálfsafgreiðslu í viðurkenndum söfnum (sjá bls. 27 í skýrslu), enda þarf að passa upp á öryggi safnkosts. Tillaga sem lögð er fram á bls. 30 „*Leggja mat á hvort og þá hve mikið Gerðarsafn skuli greiða listamönnum fyrir uppsetningu eigin sýninga*“ er varla möguleg, þar sem þessar greiðslur eru byggðar á samningi á milli safna og myndlistarmanna⁵.

Ekki er hnýtt í þá hugmynd að Kópavogsbær vilji á einhvern hátt sameina einhverja rekstrarþætti hjá þessum tveimur söfnum, enda er sú leið farin hjá mörgum sveitarfélögum að sameina rekstrarþætti í menningarstarfsemi og gefur það oft ágætis raun.

Ábyrgð eigenda viðurkenndra safna er rík, enda eiga viðurkennd söfn „*að safna, varðveita, rannsaka og miðla því sem er til vitnis um manninn, sögu hans og menningu, náttúru og umhverfi í nafni samfélagsins og til framgangs þess. Þau skulu hafa að leiðarljósi að efla skilning á þróun og stöðu menningar, lista, náttúru eða vísinda*.“ (úr 14. gr. safnalaga). Kópavogur getur verið stoltur af menningarstarfsemi Gerðarsafns og Náttúrufræðistofu Kópavogs og mikilvægt er fyrir bæjarfélagið að standa vörð um það góða og verðmæta starf sem þegar er áunnið.

Menningarhús Kópavogs eru snar þáttur af góðri ímynd og staðaranda Kópavogsbæjar og mörg sveitarfélög líta til þeirra sem fyrirmynd. Rannsóknir hafa sýnt að öflug og fjölbreytt menningarstarfsemi bætir vellíðan íbúa og vert er að minnast á það að Náttúrufræðistofa Kópavogs er eitt af fáum náttúrufræðisöfnum á landinu sem sinnir sýningahaldi og mikilvægu fræðsluhlutverki. Fjölmörg skólabörn víða af höfuðborgarsvæðinu og utan þess hafa notið þjónustu safnsins og er safnið í góðu samstarfi við Gerðarsafn. Söfnin fengu m.a. veittan Öndvegisstyrk úr safnasjóði 2023-2025 fyrir verkefnið „*Náttúra í gegnum linsu myndlistar*“ að heildarupphæð 10.000.000 kr.

Safnaráð vill benda á að alltaf má leita til skrifstofu ráðsins varðandi ráðgjöf um starfsemi viðurkenndra safna og er framkvæmdastjóri ráðsins tilbúin að funda með stjórnarsýslu Kópavogsbæjar vegna málsins ef óskað er eftir því.

Með vinsemd,

Þóra Björk Ólafsdóttir
Framkvæmdastjóri safnaráðs

⁴ Sjá á vef Stjórnartíðinda: <https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=693e8507-e44a-4938-a063-49fd1d71e101>